



HRUNAMANNAHREPPUR

26. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 5. FUNDUR ÁRSINS
VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 10. MAÍ 2012
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2012, þann 10. maí kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnáði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, beiðni um umsögn vegna akstursíþróttakeppni í Reykjadal. Hreppsnefnd samþykkir að leggja erindið fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun í Stóru-Laxá. Landsvirkjun og Orkustofnun.
2. Velferðarnefnd Árnepings- Jafnfréttisstefna Árnepings- Félagsmálastjóri Árnepings.
3. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2011. Seinni umræða.
4. Bakkatúnsvegur. Dómur Héraðsdóms Suðurlands.
5. Bakkatúnsvegur. Svar við bréfi frá JP lögmönnum.
6. Íþróttasvæði við íþróttahús.
7. Hrunamannahreppur. Starfslýsingar.
8. Hrunamannahreppur: Fræðsluáætlun.
9. Námsferð oddvita og sveitarstjóra Uppsveita Árnessýslu.
10. Finnur Kristinsson. Athugasemd við rotþróargjald 2012.
11. Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.
12. Þjóðskrá Íslands. Kjörskrárstofnar vegna forsetakosninga 30. júní 2012.
13. Umhverfisráðuneytið: Athugasemdir Umhverfisstofnunar vegna slóða á hálendinu.
14. Kostnaðarmat leikskólustjóra vegna vistunar yngri barna.
15. Landbúnaðarnefnd.
16. Aðalskipulag: Miðfell 3.
17. Deiliskipulag: Miðfell 3.
18. Ósk um áframhaldandi rannsókn á Skipholtskróki.
19. Íbúáþing.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

20. Fræðslunefnd: Fundargerð 16. fundar vegna Flúðaskóla frá 30. apríl s.l.
21. Veitustjórn: Fundargerð 19. fundar frá 3. maí s.l.
22. Umhverfisnefnd: Fundargerð 6. Fundar frá 3. maí s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

23. 46. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 23. apríl s.l., og afgreiðslu mála frá 23. mars til 22. apríl.
24. Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti Uppsveita og Flóa: Aðalfundargerð, ársreikningur, ársskýrsla og tillaga að breyttri gjaldskrá frá 23. apríl s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 214. stjórnarfundar frá 16. apríl s.l.
- b. SASS: Fundargerð 455. stjórnarfundar frá 13. apríl sl.
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 140. fundar frá 9. mars s.l.
- d. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 141. fundar frá 26. apríl s.l.
- e. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 308. stjórnarfundar frá 2. maí s.l.

Kynningarmál:

- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 796. stjórnarfundar frá 27. apríl sl.
- g. Gjaldeyrslán Hrunamannahrepps.
- h. Viðlagatrygging Íslands.
- i. Innanríkisráðuneytið: Rafræn skila ársreikninga sveitarfélaga.
- j. SASS: Umsögn SASS um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.
- k. Innanríkisráðuneytið. Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
- l. LS: Arðgreiðsla Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna ársins 2011.
- m. HSK. Samþykktir 90. Héraðspings HSK sem beint var til sveitarstjórna þann 10. maí s.l.

Fundir framundan:

- n. Kynningarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. 14. maí n.k.

Skýrsla á skrifstofu:

- o. Ársreikningur Veiðifélags Árnesinga 2011
- p. Límtré Vírnet ehf. Ársreikningur 2011.
- q. Ársrit Skógræktar ríkisins 2011.
- r. Ársskýrsla Umhverfisstofnunar 2011.
- s. Ársskýrsla HSK 2011.

Gengið til dagskrár:

1. **Rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun í Stóru-Laxá.**

Landsvirkjun og Orkustofnun.

Á fundinn mættu þeir Óli Grétar Böndal Sveinsson og Helgi Bjarnason frá Landsvirkjun og Skúli Thoroddsen frá Orkustofnun og fóru yfir forsendur fyrir beiðni Landsvirkjunar til Orkustofnunar um rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun í Stóru-Laxá. Hreppsnefnd þakkar gestum fyrir greinargóða yfirferð um málið. Hreppsnefnd leggst ekki gegn því að Landsvirkjun verði veitt rannsóknarleyfi þar sem slík vinna getur veitt gagnlegar upplýsingar á ýmsum sviðum. Rannsóknarleyfi felur ekki í sér samþykki fyrir neinum framkvæmdum. Vegna þessa máls vill hreppsnefnd einnig taka fram að hagsmunum veiðiréttarhafa og náttúruperlunnar Stóru-Laxárglúfurs mun aldrei verða fórn að í þágu orkuöflunar.

2. **Velferðarnefnd Árnespings- Jafnréttisstefna Árnespings- Félagsmálastjóri Árnespings.**

Á fundinn mætti María Kristjánsdóttir félagsmálastjóri Árnespings og fór yfir sameiginlega jafnréttisstefnu fyrir sveitarfélögin sem standa að Velferðarnefnd Árnespings. Hreppsnefnd þakkar Maríu fyrir góða yfirferð um málið og samþykkir fyrir sitt leyti jafnréttisstefnuna.

3. **Ársreikningur Hrunamannahrepps 2011. Seinni umræða.**

Ársreikningur Hrunamannahrepps, sundurliðun ársreikningsins og skýrsla endurskoðenda fyrir árið 2011 voru tekin til seinni umræðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 7,3 millj. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 0,2 millj. Fjárfesting var 38,2 millj. kr. Veltufé frá rekstri 65,2 millj. Heildar eignir 984 millj., heildarskuldir 682 millj., Eigið fé 303 millj. Skuldahlutfall er 102%. Að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna. Hreppsnefnd samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikningurinn undirritaður því til staðfestingar.

4. **Bakkatúnsvegur. Dómur Héraðsdóms Suðurlands.**

Oddviti fór yfir meðferð málsins eftir að dómur Héraðsdóms Suðurlands féll í málinu E-296/2011. Fundir og kynningar á ýmsum möguleikum vegna málsins hafa verið haldnir með hagsmunaaðilum. Í ljósi þess að ekki virðist liggja fyrir samþykki fyrir öðrum lausnum á málinu samþykkir meirihluti hreppsnefndar að málinu skuli áfrýjað til Hæstaréttar og felur lögmanni sveitarfélagsins að vinna að því máli.

Esther og Gunnar vilja bóka að í ljósi niðurstöðu dóms Héraðsdóms Suðurlands í máli Árna Hjaltasonar E-296/2011 erum við alfarið á móti því að áfrýja málinu til Hæstaréttar en höfum skilning á því að halda málinu opnu meðan verið er að leita lausna í málinu. Okkur finnst að samtöl og skoðanaskipti við þá sem óskað hafa eftir veginum og málið varðar vera á réttri leið. Við teljum því mikilsvert að halda þeim viðræðum áfram.

Hreppsnefnd felur oddvita og sveitarstjóra að vinna áfram að skoða möguleika á öðrum útfærslum á vegalagningunni með það í huga ef náist samkomulag um breytingar á vegstæði þá verði málið dregið til baka.

5. **Bakkatúnsvegur. Svar við bréfi frá JP lögmönnum.**

Oddviti fór yfir fund sem haldinn var með hagsmunaaðilum í kjölfar erindisins og þá möguleika sem þá voru kynntir til lausnar málsins. Í ljósi þess að ákveðið hefur verið að áfrýja máli héraðsdóms Suðurlands í málinu E-296/2011 til Hæstaréttar, sbr. bókun í lið 4, telur meirihluti hreppsnefndar rétt að biðja eftir niðurstöðu Hæstaréttar áður en frekari ákörðun verður tekin varðandi erindið enda málin sambærileg. Esther og Gunnar sitja hjá við afgreiðslu málsins og vísa til bókunar sinnar í lið 4.

6. **Íþróttasvæði við íþróttahús.**

Oddviti kynnti hugmyndir um að fara að skoða betur möguleika á uppbyggingu og skipulagi á svæði við íþróttahús með það í huga að skipuleggja þar íþróttasvæði. Hreppsnefnd samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að vinna í málinu.

7. **Hrunamannahreppur. Starfslýsingar.**

Oddviti kynnti lokaskýrslu RM ráðgjafar ehf, 18 starfslýsingar fyrir starfsmenn Hrunamannahrepps og verk- og þrifaáætlanir fyrir íþróttahús og sundlaug sem unnin hafa verið fyrir hreppinn í samtarfi við Sveitamennt. Hreppsnefnd þakkar Sveitamennt fyrir gott samstarf og staðfestir viðkomandi starfslýsingar en beinir því til sveitarstjóra að skoða ábendingar sem fram komu á fundinum.

8. **Hrunamannahreppur: Fræðsluáætlun.**

Oddviti kynnti fræðsluáætlun sem unnin hefur verið fyrir Hrunamannahrepp af hálfu RM ráðgjafar í samtarfi við Sveitamennt. Hreppsnefnd þakkar Sveitamennt fyrir gott samstarf og staðfestir fræðsluáætlunina.

9. **Námsferð oddvita og sveitarstjóra Uppsveita Árnessýslu.**

Oddviti rakti í máli og myndum námsferð oddvita og sveitarstjóra ásamt ferðamálafulltrúa sem farin var til Cornwall í mars. Hreppsnefnd þakkar Ásborgu ferðamálafulltrúa fyrir greinargóða skýrslu um ferðina.

10. **Finnur Kristinsson. Athugasemd við rotþróargjald 2012.**

Oddviti kynnti erindi frá Finni Kristinssyni, þar sem hann fer fram að vera undanskilinn rotþróargjaldi. Hreppsnefnd hafnar erindinu.

11. **Nefndarsvið Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.**

Oddviti kynnti beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landssvæða. Hreppsnefnd telur að veik rök standi til þess að virkjanir í neðri hluta Þjórsár verði færðar úr nýtingarflokki yfir í biðflokk. Þá ítrekar hreppsnefnd þá skoðun sína að færa eigi virkjunarkost við Farið við Hagavatn úr biðflokk í nýtingarflokk og Norðlingaölduveitu úr verndarflokki í biðflokk.

12. **Þjóðskrá Íslands. Kjörskrárstofnar vegna forsetakosninga 30. júní 2012.**

Oddviti kynnti reglur um lögheimilisskráningar íbúa vegna forsetakosninga þann 30. júní n.k.

13. **Umhverfisráðuneytið: Athugasemdir Umhverfisstofnunar vegna slóða á hálendinu.**

Oddviti kynnti athugasemdir Umhverfisstofnunar vegna vegaslóðakorts á hálendinu. Hreppsnefnd felur Halldóru að skoða málið með landbúnaðarnefnd

14. **Kostnaðarmat leikskólastjóra vegna vistunar yngri barna.**

Oddviti kynnti kostnaðarmat sem leikskólastjóri vann fyrir sveitarfélagið varðandi það að taka upp vistun 12 mánaða barna í leikskólanum. Hreppsnefnd felur leikskólastjóra að athuga þörf foreldra fyrir slíkar breytingar og málið verði skoðað við gerð næstu fjárhagsáætlunar. Unnsteinn víkur sæti við meðferð málsins.

15. **Landbúnaðarnefnd.**

Oddviti kynnti ósk Bjarna Vals Guðmundssonar um leyfi sem aðalmaður í landbúnaðarnefnd. Hreppsnefnd skipar Írisi Brynju Georgsdóttur sem aðalmann í landbúnaðarnefnd og að Bjarni Valur Guðmundsson verði varamaður í nefndina.

16. **Aðalskipulag: Miðfell 3.**

Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 fyrir spildu úr landi Miðfells 3. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir svæði fyrir

verslun og þjónustu á svæði sem samkvæmt gildandi aðalskipulagi er landbúnaðarsvæði. Svæðið er á móbergskambi sem að hluta er gróið hagaland en einnig eru þar malarflákar. Skipulagssvæðið nær ekki til ræktaðs landbúnaðarlands. Á þessari spildu er fyrirhugað að reisa gistiheimili/hótel. Aðalskipulagsbreytingin var kynnt skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með auglýsingu sem birtist 18. apríl og gögnin gerð aðgengileg á vefnum og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa og sveitarstjórnar. Frestur til að koma með ábendingar var til 30. apríl. Engar ábendingar bárust. Hreppsnefnd samþykkir að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda málið til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 30. gr. laganna.

17. Deiliskipulag: Miðfell 3.

Lögð fram tillaga Landhönnunar að deiliskipulagi rúmlega 1 ha lóðar á spildu úr landi Miðfells 3 í Hrunamannahreppi. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir gistihús á einni hæð og er hámarksnýtingarhlutfall 0,15. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir um 16 herbergjum með möguleika á að fjölga herbergjum í 36. Fyrirhugað er að auglýsa deiliskipulagið samhliða breytingu á aðalskipulagi sama svæðis.

Hreppsnefnd samþykkir að auglýsa deiliskipulagið skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um breytingu varðandi brunavarnir en svæðið er þjónustað af brunavörnum Hrunamannahrepps en ekki brunavörnum Árnassýslu.

18. Ósk um áframhaldandi rannsókn á Skipholtskróki.

Oddviti kynnti beiðni frá Giancarlo Gianazza og félögum um áframhaldandi rannsóknir á Skipholtskróki á Hrunamannafrétti. Hreppsnefnd samþykkir beiðnina.

19. Íbúafundur.

Hreppsnefnd ákveður að haldinn verði íbúafundur í Félagsheimilinu á Flúðum þriðjudaginn 15. maí nk. kl. 20:00 til að kynna niðurstöðu ársreiknings 2011. Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi mun mæta á fundinn og fara yfir helstu liði. Á fundinn mun jafnframt mæta Steingerður Hreinsdóttir framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og fjalla um starfsemi sjóðsins. Þá mun verða gerð lausleg grein fyrir skipulagsverkefnum sem verið er að vinna í á Flúðum auk annarra mála.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

20. Fræðslunefnd: Fundargerð 16. fundar vegna Flúðaskóla frá 30. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 16. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólastjóra, fjárhagsstöðu, skóladagatal og vinnu vegna skólastefnu. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

21. Veitustjórn: Fundargerð 19. fundar frá 3. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 19. fundar veitustjórnar. Þar var fjallað um mat á veitum vegna viðlagatryggingar, samþykkt að hefja byggingu borholuhúsa á Flúðum og önnur mál rædd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

22. Umhverfisnefnd: Fundargerð 6. fundar frá 3. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 6. fundar nefndarinnar. Farið var yfir sorpflokkun, umgengni um gámasvæðið, kvartanir um að rusl sé brennt heima, Rusladaginn 2012, umhverfisverðlaun 2012 og losun garðaúrgangs á Flúðum rædd. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og felur sveitarstjóra, oddvita og umsjónarmanni gámasvæðis að funda með nefndinni.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

23.46. fundur Skipulags- og byggingarnefndar frá 23. apríl s.l., og afgreiðslu mála frá 23. mars til 22. apríl.

Oddviti lagði fram fundargerð 46. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 23. apríl s.l. en þar var farið yfir 1 mál sameiginlegt mál fyrir öll sveitarfélögin, mál nr. 2, afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. mars til 22. apríl en ekkert mál tengdist Hrunamannahreppi. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

24. Skipulags- og byggingarfulltrúaembætti Uppsveita og Flóa: Aðalfundargerð, ársreikningur, ársskýrsla og tillaga að breyttri gjaldskrá frá 23. apríl s.l.

Oddviti kynnti fundargerð aðalfundar skipulags- og byggingarfulltrúaembættis Uppsveita og Flóa. Einnig var farið yfir ársreikning, ársskýrslu og tillögu að breyttri gjaldskrá. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og tillögu að breyttri gjaldskrá.

Önnur mál:

25. Beiðni um umsögn vegna akstursíþróttakeppni í Reykjadal.

Tekin var fyrir beiðni Sýslumannsins á Selfossi um umsögn vegna akstursíþróttakeppni í Reykjadal sem halda á þar þann 12. maí nk. Hreppsnefnd samþykkir umsóknina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 214. stjórnarfundar frá 16. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **SASS: Fundargerð 455. stjórnarfundar frá 13. apríl sl.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 140. fundar frá 9. mars s.l.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 141. fundar frá 26. apríl s.l.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 308. stjórnarfundar frá 2. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- f. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 796. stjórnarfundar frá 27. apríl sl.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Gjaldeyrslán Hrunamannahrepps.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Viðlagatrygging Íslands.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Innanríkisráðuneytið: Rafræn skila ársreikninga sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
- j. **SASS: Umsögn SASS um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða og veiðigjöld.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Innanríkisráðuneytið. Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.
- l. **LS: Arðgreiðsla Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna ársins 2011.** Lagt fram til kynningar.
- m. **HSK. Samþykktir 90. Héraðsþings HSK sem beint var til sveitarstjórna þann 10. maí s.l.** Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- n. **Kynningarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. 14. maí n.k.** Lagt fram til kynningar.

Skýrsla á skrifstofu:

- o. **Ársreikningur Veiðifélags Árnesinga 2011** Lagt fram til kynningar.
- p. **Límtré Vírnet ehf. Ársreikningur 2011.** Lagt fram til kynningar.
- q. **Ársrit Skógræktar ríkisins 2011.** Lagt fram til kynningar.
- r. **Ársskýrsla Umhverfisstofnunar 2011.** Lagt fram til kynningar.
- s. **Ársskýrsla HSK 2011.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.17:55.